

Lazer-meðferð getur dregið mjög úr einkennum sjúkdómsins og jafnvel komið honum aftur á byrjunarreit.



Ekki auðvelt fyrir rósroða-sjúklinga að búa á Íslandi

Bárður Sigurgeirsson húðsjúkdómalæknir hefur mikla reynslu af meðhöndlun rósroða. Hann telur að sjúkdómurinn sé algengari hér á landi en annars staðar og þykir líklegt að hörð veðráttá ýti undir sjúkdóminn hjá þeim sem eru viðkvæmir fyrir.

Hvenær ráðleggurðu fólki að leita læknis vegna rósroða?

Við ráðleggjum fólki að leita læknis sem fyrst eftir að einkenni koma í ljós. Eftir því sem sjúkdómurinn gengur lengra nær hann oft að skemma út frá sér og þá fer í gang ákveðinn vítahringur. Því fyrr sem hægt er að vinna ofan af þessum vítahring því betra fyrir sjúklinginn. Það er sem betur fer orðið algengara nú en það var áður að fólk leiti til læknis með byrjunareinkennum sem eru þá mikill roði í andliti og roðaköst.

Hver er árangursríkasta meðferðin við sjúkdómnum?

Meðferðin er misjöfn eftir því á hvaða stigi sjúkdómurinn er og það fer einnig eftir því um hvaða undirflokkja sjúkdómsins er að ræða. Það eru ýmsar meðferðir

í boði bæði í töfluformi og einnig til að nota útvortis. Á síðustu árum hafa lazer-meðferðir einnig nýst vel vegna þess að þáttur í myndun sjúkdómsins eru óeðlilegar æðar í andlitshúðinni. Lazerinn getur eytt þeim æðum og þannig dregið mjög úr einkennum sjúkdómsins og jafnvel komið honum aftur á byrjunarreit. Lazer-meðferðin var mjög sársaukafull fyrir 10 árum en í dag er hún það ekki. Það þarf til að mynda hvorki að svæfa né deyfa sjúklinginn og hægt er að meðhöndla bæði börn og unglunga með lazer-meðferðum.

Hvernig tekst fólki að lifa með alvarlegum rósroða?

Þessi sjúkdómur hefur töluverð áhrif á daglegt líf og hann hefur einnig áhrif á sálarlífið, enda er erfitt að vera með mikið af útbrotum í andlitinu. Sjúkdómurinn er mjög álagstengdur og því leyti að það fylgir því mikið álag að hafa sjúkdóminn sem gerir svo sjúkdómseinkenn-

in enn verri. Það getur því verið erfitt að lifa með þessum sjúkdómi og þá sérstaklega þegar hann er slæmur en því geta fylgt mikil óþægindi á borð við sviða og þess háttar. Það er líka slæmt fyrir Íslendinga hversu erfitt

veðráttan er en mikill kuldi og hitabreytingar kalla fram einkennin og gera sjúkdóminn verri. Það er því ekki auðvelt að vera með þennan sjúkdóm að hafa og alls ekki auðvelt á Íslandi.

Er þessi sjúkdómur algengari á Íslandi en annars staðar?

Við höfum engar rannsóknir um tíðni og algengi sjúkdómsins á Íslandi en við sem störfum við húðlækningar hér höfum það á tilfinningunni að hann sé mjög algengur. Það getur verið að einhverjir erfiðapættir í íslenska kynstofninum komi við sögu en svo er það alveg öruggt að ytri aðstæður eru ekki hagstæðar þeim sem hafa rósroða og hafi maður tilhneiginguna þá er ekki ólíklegt að sjúkdómurinn þróist

hratt á Íslandi.

Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn láti á sér kræla?

Það er erfitt að eiga við þetta, en hafi maður tilhneiginguna þá er líklegt að sjúkdómurinn komi einhvern tímann fram þó að það sé ekki öruggt. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á sjúkdóminn, sem erfitt getur verið að forðast í daglega lífinu, eins og raki og kuldi í loftinu. Álag getur einnig haft sitt að segja sem og áfengi, sem hægt er að stjórna að einhverju leyti, en ef tilhneigingin er til staðar er erfitt að koma í veg fyrir að einkennin komi fram.

Er sjúkdómurinn arfgengur?

Sjúkdómurinn virðist vera arfgengur því hann liggur í ákveðnum fjölskyldum. Við sjáum oft marga einstaklinga úr sömu fjölskyldu, t.d systkini eða foreldra og börn, sem hafa öll sjúkdóminn.

Hvaða óhefðbundnu lækningar hafa reynst vel í baráttunni gegn rósroða?

Við höfum ekki rekist á neitt sérstakt sem hefur góð áhrif en

Nafn:
Bárður Sigurgeirsson.
Starf:
Húðsjúkdómalæknir.
Aldur: 50 ára.
Hjónabandsstaða: Giftur.
Börn: þrjú.
Uppáhaldsborg:
Barcelona.



„Við höfum komist skrefi lengra en fyrir tíu árum til að vinna ofan af sjúkdómnum.“

fólk sem er að kljást við vandann er oft búið að reyna ýmislegt og þar með talið óhefðbundnar lækningar. Við sjáum hins vegar oft að vegna þess hversu viðkvæma húð rósroðasjúklingar hafa þá versna einkennin til muna ef verið er að reyna óhefðbundin ráð.

Býst þú við því að hægt verði að lækna sjúkdóminn alveg í framtíðinni?

Það er erfitt að segja fyrir um það en eftir að lazer-tæknin kom til sögunnar þá höfum við komist skrefi lengra en fyrir tíu árum til að vinna ofan af sjúkdómnum og koma honum eiginlega á núllpunkt. Það hefur orðið mikil framför í lazer-tækninni en ég á samt erfitt með að sjá að við getum komið alveg í veg fyrir að sjúkdómurinn brjótist út ef fólk hefur tilhneigingu. Það yrði frekar aukin þekking í erfða- og genalækningum sem myndi geta komið í veg fyrir sjúkdóminn.

25 ára gömul kona sem hefur átt við roðaköst að stríða í mörg ár.



Varanlegur sólbruni

Ert þú með rósroða í andlitinu?

Það er fátt gremjulegra en að vera með áberandi sár eða bólu í andlitinu, enda er nánast ómögulegt að fela slíkt. Það góða við sárin og bólurnar er þó að hvortveggi er tímabundið og því er þolinmæðin besta lækningin. Það sama á ekki við um rósroða sem er langvinnur húðsjúkdómur sem leggst á andlitið.

Rósroða verður yfirleitt fyrst vart í kringum þrítugsaldurinn en þá fara að koma fram bólur, roði, æðaslit og í einhverjum tilfellum þroti í andlitinu. Þetta getur verið mjög hvítleitt fyrir sjúklingana, enda eru þeir í mörgum tilfellum nýbúnir að losna við bóluvandamálið sem hrjáði þá á unglingsárunum og á tvítugsaldrinum. Sjúkdómurinn er algengari hjá konum en körlum en í Svíþjóð eru um 14% kvenna með rósroða en aðeins 5% karla. Sjúkdómurinn er einnig algengari hjá þeim sem hafa mjög ljósa húð en einkennin eru að sjálfsögðu mun meira áberandi eftir því sem húðin er ljósari. Þó að erfitt sé að fullyrða fyrir fram hverjir eiga frekar á

urinn er algengari hjá konum en körlum en í Svíþjóð eru um 14% kvenna með rósroða en aðeins 5% karla. Sjúkdómurinn er einnig algengari hjá þeim sem hafa mjög ljósa húð en einkennin eru að sjálfsögðu mun meira áberandi eftir því sem húðin er ljósari. Þó að erfitt sé að fullyrða fyrir fram hverjir eiga frekar á

ur því stöðugt öflugra tæki sem getur í sumum tilvikum læknað rósroða.

Einkenni rósroða láta yfirleitt ekki lítið fyrir sér fara en aðaleinkennið er, eins og nafnið gefur til kynna, roði í andliti. Roðinn líkist einna helst sólbruna og kemur til vegna aukins blóðflæðis í andlitshúðinni. Til að byrja með er þessi roði aðeins tímabundinn en eftir því sem sjúkdómurinn ágerist verður hann varanlegri og veldur jafnvel bruna- eða sviðatilfinningu. Á þessu stigi er sjúkdómurinn einnig farinn að valda bólum og æðasliti en þá er hann orðinn mjög áberandi og lítið hægt að gera til að fela hann. Það er mikilvægt að hefja meðferð eins fljótt og hægt er eftir að einkenna verður fyrst vart, enda er auðveldara að hægja á sjúkdómnum en að reyna að lagfæra húð sem hefur skaðast mikið.



25 ára gömul kona með roðaköst og vaxandi aum útbrot í andliti.

hættu en aðrir að fá rósroða í framtíðinni þá lítur út fyrir að þeir sem roðna auðveldlega í æsku séu líklegri en aðrir til að fá sjúkdóminn þegar þeir eldast.

Erfitt að eiga við sjúkdóminn

Rósroði er sjúkdómur sem getur verið erfitt að meðhöndla, en það eru margskonar ráð til sem geta haldið einkennum niðri og hægt á þróun sjúkdómsins. Einnig er hægt að nýta sér lazer-tæknina sem getur haft mjög góð áhrif á húðina. Lazer-tæknin er alltaf í þróun og verð-



77 ára gömul kona sem hefur átt við roðaköst að stríða í áratugi. Síðustu árin hafa einkennin náð yfir stærra svæði og borið á graftarbólum, hnútum, miklum sviða og hitatilfinningu.

Þættir sem geta haft áhrif á sjúkdóminn:

- Sólarljós
- Streita
- Heitt og kalt veður
- Áfengi
- Kryddaður matur
- Áreynsla
- Heit böð
- Heitir drykkir
- Mikill loftraki
- Snyrtivörur
- Ávextir
- Lyf